

AUGLÝSING

um umferð í Hörgársveit.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum frá sveitarstjórn Hörgársveitar, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið eftirfarandi:

1. Á Hjalteyri verði hámarkshraði ökutækja á Hjalteyrarvegi lækkaður í 30 km/klst. frá þéttbýlismörkum Hjalteyrar.
2. Að hámarkshraði ökutækja á Lónsvegi í Hörgársveit verði lækkaður í 30 km/klst. frá gatnamótum Lónsvegar og Þjóðvegar nr. 1.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Hörgársveit sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 13. júní 2019.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2019